

269. fundur

Þriðjudaginn 8. nóvember 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Arnar Árnason, Sverrir Björn Björnsson, Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Þá sat fundinn Arnar Freyr Einarsson hagfræðingur í ANR. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 268. fundar og dagskrá.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna, þá sérstaklega nýja nefndarmenn þau Arnar Árnason og Jóhönnu Hreinsdóttir sem sat fundinn í forföllum Guðrúnar Sigurjónsdóttur. Lögð var fram fundargerð 268. fundar en fundargerðin hafði áður verið staðfest af fundarmönnum á tölvupósti.

2. **Verðlagsgrundvöllur kúabús september 2016.**

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2016. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað að meðaltali um 1,14% frá 1. júní 2016, en síðasta verðlagning fór fram 1. júlí 2016 (byggt á verðlagi í júní 2016). Heildarkostnaður er alls kr. 37.247.233 en var kr. 36.826.696 í júní 2016. Þar hefur einkum áhrif hækkun launavísitölu um 2,3% frá apríl til júlí. Niðurstaða tekna grundvallarins er kr. 27.323.397. Vaxtagjöld hækkuðu frá júní grundvelli um kr. 3.302 og eru vaxtagjöld því samtals kr. 2.317.041. Grundvöllurinn var staðfestur. Kynnt var nýtt líkan fyrir verðlagsgrundvöll kúabús sem gerir allan samanburð auðveldari frá einum tíma til annars og var jafnframt samþykkt ný framsetning grundvallarins.

3. **Kostnaðarþróun mjólkuriðnaðarins.**

Farið var yfir gjaldaliði hjá mjólkursamlögum júní – nóvember 2016. Samkvæmt því hefur orðið 0,25% hækkun á tímabilinu.

4. **Tillaga að breytingum á reglum nr. 52/2010** um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleyfa og frírra fitusýra. Tillagan var samþykkt en þær taka gildi 1. janúar 2017.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir